



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2022**1. Uppbyggingaráætlun velferðarsviðs**

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 138.673 þ.kr. vegna uppbyggingaráætlunar. Kostnaðarkaukinn verði fjármagnaður af kostn.st 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-138.673
VEL	F4349	Rökkvatjörn - stofnkostnaður	Til	3.000
VEL	F4349	Rökkvatjörn - rekstrarkostnaður	Til	135.673
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Rökkvatjörn er hluti af uppbyggingaráætlun sem samþykkt var af borgarráði 24 ágúst 2017. Samkv. velferðarsviði hófst starfsemi í Rökkvatjörn í byrjun árs 2022. Fjárheimild vegna Rökkvatjörn var tekin frá miðlægt bæði í fjárhagsáætlun 2021 og 2022 þar sem upphaflega var gert ráð fyrir að úrræðið myndi opna á miðju ári 2021 en tafðist þar til nú í janúar, en þá fór hún í fullan rekstur. Rekstrarkostnaður á ári er áætlaður 135.673 þ.kr og stofnkostnaður 3.000 þ.kr.

2. Vinnu- og virkniaðgerðir í kjölfar Covid-19

Lagt er til að fjárheimildir mannaúts- og starfspróunarsviðs hækki um 20.000 þ.kr. vegna atvinnu- og virknimiðlunar og að gerðar verði neðangreindar breytingar á fjárheimildum á ÖNN vegna sama verkefnis. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-182.000
MOS	01440	Vinnu- og virkniaðgerðir	Til	20.000
ÖNN	07150	Vinnu- og virkniaðgerðir	Til	162.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs, 28. janúar 2021 máls R20060016, Tillögur að markvissum vinnu- og virkniaðgerðum vegna stöðu á vinnumarkaði í kjölfar Covid-19. Atvinnu- og virknimiðlun (AVM) var fullmönnuð í maí 2021 og því lagt til áframhaldandi starfsemi í óbreyttri mynd fyrstu fjóra mánuði ársins 2022. Áætlun gerði ráð fyrir að virkja og miðla allt að 200 einstaklinga í starf og á árinu 2021 voru 139 einstaklingar ráðnir í tímabundin störf í gegnum úrræðið. Um er að ræða fjármagn til að standa við skuldbindingar vegna ráðninga einstaklinga sem ráðnir hafa verið í gegnum úrræðið og starfsmanna AVM, auk miðlunar í störf sem nema þá allt að 200 störfum líkt og í upphaflegri áætlun. Áætlað er að heildarkostnaður vinnu- og virkniaðgerða verði um 182 m.kr. sem greiðist af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð. Útgjöldin skiptast þannig: 94,5 m.kr. vegna vinnumarkaðsaðgerða fyrir vinnufæra einstaklinga með bótarétt úr atvinnuleysistryggingasjóði (mótframlag Reykjavíkurborgar vegna launa). 67,5 m.kr. vegna vinnumarkaðsaðgerða fyrir vinnufæra einstaklinga án bótaréttar úr atvinnuleysistryggingasjóði (greiðsla launa að frádreginni fjárhagsaðstoð). 20 m.kr vegna reksturs atvinnuráðgjafa (launakostnaður).

3. Hækkun á árgjaldi hjá samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Lagt er til að fjárheimildir skrifstofu miðlægrar stjórnsýslu verði hækkaðar um 3.401 þ.kr vegna hækkunar á árgjaldi. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -3.401
RHS	01080	Árgjald SSH	Til 3.401
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar og samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Aðalfundur SSH var haldin 12. nóvember 2021. Þar var samþykkt að árgjaldið yrði hækkað í 139 kr. á hvern íbúa úr 116. kr.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2020 / 2021
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörs

Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	18.02.2022
Svið:	Mannauðs og starfsumhverfissvið
Unnið af:	Svanhildi Jónsdóttir og Lóu Birnu Birgisdóttur
Verkefni/tillaga:	Vinnu- og virkniaðgerðir
Þjónustubáttur:	Mannauðsmál og velferðarþjónusta
Stofnun/kostn.st.:	01440
Fjárhæð:	182 m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Lagt er til að fjárheimild sé veitt í starfsemi atvinnu- og virknimiðlunar (AVM), sem vinnur markvisst að vinnu- og virkniaðgerðum í kjölfar Covid-19. Aðgerðirnar voru samþykktar í borgarráði í janúar 2021 en starfsemi atvinnu- og virknimiðlunar komst ekki að fullu af stað fyrr en í maí 2021. Um er ræða fjármagn til að standa við skuldbindingar vegna núverandi starfsmanna AVM sem ráðnir eru út apríl 2022 og einstaklinga sem hefur verið miðlað í tímabundin störf í gegnum úrræðið. En einnig til að virkja og miðla fleiri einstaklingum í störf en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir allt að 200 ráðningum en á árinu 2021 var 139 einstaklingar sem fengu tímabundna ráðningu.

Jákvæð þróun hefur verið á vinnumarkaði undanfarið og hefur atvinnulausum fækkað, sem og fjölda einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð. Hinsvegar hefur verið sú þróun síðustu mánuði að einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð eru að fá hana yfir lengri tíma, þ.e. í fleiri mánuði, sem er áhyggjuefni. Jafnframt er fjöldi einstaklinga sem hafa verið án atvinnu lengur en 24 mánuði nokkur eða 347 í desember 2021, bótaréttur hjá VMST er 30 mánuðir. Atvinnu- og virknimiðlun hefur markvisst aðstoðað þessa einstaklinga við að komast aftur í virkni og atvinnu síðan AVM hóf störf. Áhersla hefur verið á einstaklinga sem hafa verið án atvinnu lengur en 24 mánuði og einnig hafa fleiri einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð fengið tímabundna ráðningu en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun. Lengri tíma hefur því tekið að ná markmiðum um að koma allt að 200 einstaklingum í störf þar sem hópurinn hefur þurft meiri aðstoð en gert hafði verið ráð fyrir. Því er lagt til að atvinnu- og virknimiðlun verði haldið áfram í óbreyttri mynd fyrstu fjóra mánuði ársins 2022. Sá áherslumunur verður þó á og sá er að í auknum mæli verði einstaklingum miðlað í störf utan Reykjavíkurborgar. Flestir starfsmennirnir sem sinna verkefninu, eru tímabundið ráðnir með ráðningarsamning þar til í lok apríl 2022.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Með markvissum vinnu- og virkniaðgerðum er stuðlað að jafnrétti fyrir íbúa Reykjavíkur. Aukin virkni og atvinnuþátttaka einstaklinga stuðlar að fjárhagslegu sjálfstæði og einnig er mikill félagslegur ávinningur.

Aðgerðirnar falla undir félagslegar áherslur Græna plansins, þá helst að enginn sé skilinn eftir. Græna umbreytingin byggir á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Auk þess að íbúar geti búið við öryggi, haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð.

Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.

Einstaklingar sem hafa verið án atvinnu í lengri tíma mynda markhóp verkefnisins. Um er ræða annars vegar einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð og hins vegar einstaklinga sem eru með atvinnuleysisbætur hjá Vinnumálastofnun og hafa verið atvinnulausir í lengri tíma.

Í Reykjavík er hópur karlmannna stærri en kvenna, bæði í hópi þeirra sem fá fjárhagsaðstoð og þeirra sem eru á skrá Vinnumálastofnunnar. Ráðningar AVM eru í takt við það og eru um 60% þeirra sem hafa farið í gegnum úrræðið karlmenn, áfram verður unnið með sömu áherslu.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Aukin tækifæri til virkni og atvinnuþátttöku fyrir einstaklinga sem hafa verið án atvinnu í lengri tíma stuðla að því að sá hópur, sem er einangraður og jaðarsettur geti tekið þátt í atvinnulífinu og samfélaginu.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.